

04. okt. 2013

9.4.4

Tilv. UST20121200156

Samningur um umsjón

Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar,

Arnarnesstrýtur og Ystuvíkurstrýtur

1. gr.

Samningsaðilar

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Erlendur Bogason kt. 130363-4669 gera með sér samning um umsjón og rekstur náttúrvættisins hverastrýtur á botni Eyjafjarðar (Ystuvíkurstrýtur) og hverastrýtur á botni Eyjafjarðar norður af Arnarnesnöfum (Arnarnesstrýtur) í samræmi við 30. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Náttúrvættin eru einstök náttúrufyrirbæri og felst verndargildi þeirra í myndun hverastrýtanna, efnasamsetningu, últiti og lögun, fjölbreytileika og sérlega miklu líffríki sem hefur hátt vínsinda-, fræðslu- og verndargildi.

2. gr.

Markmið samningsins

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur náttúrvættanna sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur þær sem um náttúrvættin gilda sbr. auglýsingar um friðlýsingarnar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 510/2007 og nr. 249/2001.

3. gr.

Mörk náttúrvættanna

Mörk náttúrvættanna eru sýnd á meðfylgjandi uppráttum, en þar sem mörkin liggja næst landi er miðað við netlög, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Stærð náttúrvættanna og staðsetning er skilgreind með eftirfarandi hætti í auglýsingum:

Við Ystuvík u.þ.b. $65^{\circ}49,73$ N; $18^{\circ}06,69$ V. Hringur þar frá með 200 m radíus.


Við Arnarnesnöf alls 101 ha. sem markast af neðangreindum hnitudum:

	Gráður		ISN93	
	N-læg breidd	V-læg lengd	y-hnit	x-hnit
Nv	$65^{\circ}52'50''$	$18^{\circ}14'00''$	598389	534971
Na	$65^{\circ}52'50''$	$18^{\circ}13'00''$	598398	535734
Sa	$65^{\circ}51'55''$	$18^{\circ}13'00''$	596693	535755
Sv	$65^{\circ}52'03''$	$18^{\circ}14'00''$	596933	534991

Myndin sýnir mörk náttúrvættisins Ystuvíkurstrýta:



Myndin sýnir mörk náttúrvættisins Arnarnesstrýta:



4. gr.

Verndaráætlun

Umhverfisstofnun skal vinna að gerð verndaráætlunar, og endurskoðun hennar, í samræmi við d lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umsjón og rekstur

Erlendur Bogason sér um daglega umsjón náttúrvættanna og tilkynnir til Umhverfisstofnunar ef röskun hefur orðið á svæðunum. Umhverfisstofnun sér um annan rekstur náttúrvættanna í samráði við umsjónaraðila og ráðgjafanefndir um náttúrvættin. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir, leyfisveitingar eða aðrar stjórnvaldsákvarðanir, ber að vísa til Umhverfisstofnunar

6. gr.

Fraeðsla

Umhverfisstofnun sér um útgáfu fraeðsluefnis fyrir náttúrvættin, svo sem bæklinga og skilti, í samstarfi við sveitarfélagið Hörgársveit í tilfelli Arnarnesstrýta.

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðunum eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Hörgársveitar þegar við á. Öll efnistaka í nágrenni við strýturnar og innan marka náttúrvættanna er óheimil. Hvers konar eldi sjávarfangs er óheimil innan marka verndarsvæðanna.

8. gr.

Skipting kostnaðar

Um skiptingu kostnaðar vegna sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

9. gr.

Skýrslugerð

Erlendur Bogason skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi innan marka náttúrvættanna. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand náttúrvættanna, fræðslu, gestafjölda, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi náttúrvættin.

10. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónaraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúrvættið sbr. auglýsingar um friðlýsingarnar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 510/2007 og nr. 249/2001 og gildandi verndaráætlanir.

11. gr.

Gildistími

Gildistími samnings þessa fyrir náttúrvættin er 5 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra.

12. gr.

Ákvæði um endurskoðun

Hvor samningsaðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Reykjavík 9. september 2013

F.h. Umhverfisstofnunar



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Erlendur Bogason

Staðfesting umhverfisráðherra:


Sigurður Ingi Jóhannsson

Vottar:


Birna Ó. Kark edóttir
Ingvarður Sæmundur